


## Staða sveitarfélaganna tók að versna á síðasta ári

Afkoma stærstu sveitarfélaga landsins virðist nú fara versnandi. Uppgjör síðasta árs og nýlegar tölur um afkomu þriggja stærstu sveitarfélaga landsins ber þess glöggt vitni. Í þessum uppgjörum kom versnandi afkoma skýrt í ljós, gjöld uxu umfram tekjur og rekstrarniðurstaða var lakari en á sama tímabili í fyrra og jafnvel lakari en fjárhagsáætlanir gerðu ráð fyrir. Líkt og sjá má á myndum hér að neðan jukust gjöld umfram tekjur hjá þeim öllum og vegur hærri launakostnaður þar þyngst. Í tilviki Kópavogsbæjar jókst launakostnaður t.a.m. um rúm 14% á fyrri hluta ársins samanborið við sama tímabil 2014 á meðan tekjur sveitarfélagsins jukust um 5%. En laun og launatengd gjöld eru um helmingur af heildarrekstrarkostnaði sveitarfélaga á Íslandi. Versnandi afkoma kemur alls ekki á óvart og er í raun framhald af þróun síðastliðins árs þar sem veruleg sveifla var til hins verra í afkomu íslenskra sveitarfélaga eftir mikinn rekstrarbata árin þar á undan.




Heimild: Greiningardeild Arion banka og árshlutareikningar sveitarfélaganna  
 Ekki hefur verið reynt að leiðrétta sérstaklega fyrir óreglulegum liðum

## Gjöld jukust umtalsvert umfram tekjur

Greiningardeild hefur á liðnum árum borið saman fjárhagsstöðu þeirra sveitarfélaga landsins þar sem íbúafjöldi er umfram 1.500. Alls eru sveitarfélögin 27 talsins, allt frá Reykjavíkurborg með tæplega 122 þúsund íbúa í lok síðasta árs niður í Rangárþing ytra með rúmlega 1.500 íbúa. Samanlagður íbúafjöldi í samantektinni er 305 þúsund eða 93% af landsmönnum. Í greiningu okkar er miðað við samstæðuuppgjör hvers sveitarfélags og eru fyrirtæki, stofnanir og aðrar rekstrareiningar sem teljast til B-hluta því meðtaldar enda á ábyrgð íbúa sveitarfélagsins. Tímabilið 2010 – 2013 batnaði fjárhagsstaða sveitarfélaganna mikið enda þurftu mörg sveitarfélögin að grípa til ýmissa ráðstafana í rekstri til að standa undir erfiðri skuldastöðu. Árið 2014 sneri afkoman hins vegar til verri vegar. Tekjur sveitarfélaganna jukust að veginu meðaltali (þ.e. að teknu tilliti til stærðar þeirra) um 4,1% á síðasta ári samanborið við 7,6% árið 2013. Á móti var meðalverðbólga á síðasta ári 1,9 prósentustigi lægra en 2013 og því var raunvöxtur tekna 2,1% á síðasta ári samanborið við 3,7% 2013. Á síðasta ári var verulegur kostnaðarþrýstingur og jukust rekstargjöld sveitarfélaganna að veginu meðaltali um 10,4% samanborið við 5,1% 2013 og á hækkingun launakostnaðar sveitarfélaganna, sem hækkaði að meðaltali um rúm 11% á síðasta ári, mestan þátt í þessari útgjaldaaukningu. Þó virðist sem að almennt hafi heldur slaknað á kostnaðaraðhaldi sveitarfélaganna á síðasta ári þar sem annar rekstrarkostnaður hækkaði líka. Á myndinni hér að neðan má sjá hvernig meðaltöl EBITDA framlegðar sveitarfélaganna 27 hefur þróast á síðustu árum. Tímabilið 2010-2013 hækkaði framlegðin jafnt og þétt samtals um 5,4 prósentustig, úr 17,6% í 23% 2013 að veginu meðaltali en á síðasta ári lækkaði framlegð sveitarfélaganna hinsvegar um 5,2 prósentustig milli ára og þurrkaðist rekstrarárangur síðastliðinna ára nánast út á einu ári. Af sveitarfélögum 27 sem eru í samantekt okkar versnaði EBITDA

framlegðin hjá öllum nema tveimur milli ára. Sveitarfélögin skiluðu þó annað árið í röð að meðaltali hagnaði, þó hann hafi heldur minnkað milli ára, en lægri verðbólga og lægri fjármagnsgjöld áttu sinn þátt í því að þrátt fyrir lakari framlegð hafi þau þó að meðaltali skilað lítilsháttar hagnaði. Höldum því til haga að það er að sjálfsgöðu ekki markmið sveitarfélaga að skila sem mestum hagnaði. Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) þarf þó að jafnaði að vera nægur til að mæta fjárfestingum og fjármagnskostnaði. Lakari afkoma kemur því niður á möguleikum þeirra til að ráðast í fjárfestingar eða lækka útsvar svo dæmi sé tekið.

### Framlegð af samstæðurekstri 27 sveitarfélaga - EBITDA / Rekstrartekjur




Heimildir: Greiningardeild Arion banka og ársreikningar 27 stærstu sveitarfélaga landsins

### Hægði á bættri skuldastöðu

Í samantekt okkar á síðasta ári, þar sem fjallað var um fjárhagsstöðu sveitarfélaganna árið 2013, kom fram að ef þau myndu halda sama takti í niðurgreiðslu skulda myndi vegið meðaltal skuldahlutfallsins eins og við höfum horft á það fara undir 150% árið 2014. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 mega heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta sveitarfélaganna ekki vera hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum þeirra. Sveitarfélögunum er þó heimilt samkvæmt reglugerð 502/2012 að draga ýmsa liði frá við útreikning á skuldahlutfallinu, svo sem leiguskuldbindingu frá ríkissjóði, lífeyrisskuldbindingar sem koma til greiðslu eftir 15 ár og síðar og hreint veltufé frá rekstri sé það jákvætt. Að auki er þeim heimilt að draga frá skuldir og skuldbindingar veitu- og/eða orkufyrirtækja ef þær eru umfram 30% af heildarskuldum og skuldbindingum sveitarfélagsins. Erfitt getur reynt að fá fullnægjandi upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaganna til að reikna skuldaviðmiðið m.t.t. þeirra þátta sem eru frádráttarhæfir og einungis helmingur þeirra í samantekt okkar birtir skuldahlutfallið í sínum ársreikningi. Hér að neðan má því sjá okkar nálgun á skuldahlutfalli sveitarfélaganna, en myndin sýnir heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu sveitarfélaganna 27 að frádregnum veltufjármunum sem hlutfall af veltu. Við höfum borið saman okkar nálgun við þau sveitarfélög sem birtu sitt skuldahlutfall og gefur myndin nokkuð glögga mynd af skuldastöðunni m.t.t. opinbera skuldahlutfallsins. Á síðasta ári hægði á bættri skuldastöðu og náði vegið meðaltal skuldastöðu sveitarfélaganna ekki undir 150% líkt og við vonuðum. Skulduðu sveitarfélögin að vegnu meðaltali 162% af tekjum sínum á síðasta ári og lækkaði hlutfallið um fimm prósentustig milli ára eftir að hafa lækkað að meðaltali um 23 prósentustig árin þar á undan. Skuldahlutfallið lækkaði hjá 19 af 27 sveitarfélögum milli ára og hjá fjórum af fimm skuldsettustu sveitarfélögum í samantekt okkar.

## Heildarskuldir og skuldbindingar samstæðu 27 sveitarfélaga að frádregnum veltufjármunum sem hlutfall af veltu




Heimildir: Greiningardeild Arion banka og ársreikningur 27 stærstu sveitarfélaga landsins


## Fjárfestingar jukust eftir stöðnun á síðustu árum

Eftir stöðnun síðastliðin þrjú ár jukust fjárfestingar sveitarfélaganna um sex milljarða króna á síðasta ári og námu samtals 34 mö.kr. Ef fjárfestingunum er deilt niður á hvern íbúa jukust þær að veginu meðaltali um tæp 21% á síðasta ári. Aftur á móti virðist sem svo að þessar auknu fjárfestingar séu að miklu leyti tilkomnar vegna færri stórra verkefna heldur en margra minni. Í samantekt okkar juku 14 af 27 sveitarfélögum við fjárfestingar sínar á síðasta ári. Fjárfestingarnar eru þó enn töluvert undir langtímameðaltali, á síðasta ári voru þær 11,7% af tekjum, en á síðastliðnum 16 árum hafa fjárfestingar sveitarfélaganna verið að meðaltali 16% af tekjum þeirra, samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum (ma.kr.)



Meðal hlutfallsleg aukning í fjárfestingu pr. íbúa




Heimildir: Greiningardeild Arion banka og ársreikningar 27 stærstu sveitarfélaga landsins

## Veikleikamerkjum fjölgaði í fyrsta skipti

Í samantekt Greiningardeildar eru teknir saman 18 mælikvarðar, flestir fjárhagslegir en einnig lýðfræðilegir, eins og þróun íbúafjölda. Tekið skal fram að þessir mælikvarðar eru alfarið mat Greiningardeildar Arion banka. Sem dæmi um veikleikamerki má nefna að ef EBITDA hlutfall sveitarfélags nær ekki 15% af tekjum metum við það veikleikamerki, ef skuldir, samkvæmt nálguninni sem fjallað var um hér að ofan, eru umfram 150% af tekjum er það veikleikamerki og sömuleiðis ef tekjuvöxtur nær ekki að halda í við verðbólgu. Á myndinni hér að neðan hafa öll veikleikamerki sveitarfélaganna 27 verið tekin saman. Á síðasta ári gerðist það í fyrsta skipti að veikleikamerkjum sveitarfélaganna fjölgaði milli ára, eða um 15 talsins, en þeim hefur fækkað nokkuð skarpt síðustu ár og allt frá því við hófum að gera okkar árlegu samantekt. Einungis sjö sveitarfélög fækkuðu veikleikamerkjum á síðasta ári, samanborið við tæplega helming sveitarfélaganna árin þar á undan.

## Fjöldi veikleikamerkja



Heimildir: Greiningardeild Arion banka og ársreikningar 27 stærstu sveitarfélaga landsins

Árshlutauppgjör þeirra sveitarfélaga sem hafa verið að birtast gefa ekki tilefni til þess að ætla að síðasta ár hafi verið einskiptis hiksti í afkomubata þeirra. Sveitarfélögunum er þó að vissu leyti vorkunn og þau voru sett í erfiða stöðu, mörg hver þeirra eru með útsvarshlutfall sitt í hámarki og með takmarkaða getu til að auka tekjur sínar en þurfa að taka á sig kostnaðarsama kjarasamninga sem eru að hafa mikil áhrif á rekstur þeirra. Staða þeirra til þess að taka á sig þessa auknu útgjaldaliði er þó óneitanlega betri en hún var, en ljóst er að þessi aukni útgjaldaþrýstingur er ekki til þess fallinn að gera sveitarfélögunum, sem mörg hver eiga enn töluvert í land með að koma skuldahlutfalli sínu undir opinbera skuldaviðmiðið, auðveldara að þjónusta skuldir sínar eða auka við fjárfestingar sem hafa setið á hakanum og verið töluvert undir langtímameðaltölum síðastliðin ár.

### Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir  
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller  
elvar.moller@arionbanki.is

Konráð S. Guðjónsson  
konrad.gudjonsson@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson  
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

### Forstöðumaður

Stefán Broddi Guðjónsson  
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

[Hér má finna fyrirvara](#)